

# 191. fundur byggðaráðs Bláskógabyggðar, haldinn í Aratungu þann 26. janúar 2018 kl. 09:00.

Mætt: Valgerður Sævarsdóttir formaður byggðaráðs, Helgi Kjartansson og Óttar Bragi Þráinsson. Einnig var mættur Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri, sem ritaði fundargerð.

## 1. Fundargerðir til samþykktar:

- 1.1. 1. hönnunarfundur vegna leikskólabyggingar í Reykholti ásamt kynningarefni frá arkitekt.  
Samþykkt samhljóða.
- 1.2. 2. hönnunarfundur vegna leikskólabyggingar í Reykholti.  
Samþykkt samhljóða.

## 2. Umsóknir um leigu íbúðarinnar Kistuholt 5a, Reykholti.

Sveitarstjóri lagði fram innsendar umsóknir vegna auglýsingar um útleigu íbúðarinnar Kistuholt 5a í Reykholti. Um er að ræða félagslega íbúð fyrir eldri borgara.

Eftirfarandi umsækjendur sendu inn gildar umsóknir:

- Guðjón R. Guðjónsson kt. 130949-7469
- Unnsteinn Egill kt. 220547-2059 og Guðný Helga kt. 180947-2809
- Brynhildur H. Sigurjónsdóttir kt. 050545-7099 og Guðmundur H. Óskarsson kt. 211238-4829
- Guðný Höskuldsdóttir kt. 161153-3979
- Þórarinn Þórarinsson kt. 280957-5699

Byggðaráð Bláskógabyggðar yfirfór innsendar umsóknir og lagði mat á umsækjendur á grundvelli aldurs og félagslegrar stöðu umsækjenda.

Byggðaráð Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að úthluta Guðjóni R. Guðjónssyni íbúðina, á grundvelli félagslegrar og húsnæðislegrar stöðu.

## 3. Innsend bréf og erindi:

- 3.1. Bréf Sýslumannsins á Suðurlandi, dags. 17. janúar 2018; umsókn um tækifærisleyfi.  
Lagt fram bréf Sýslumannsins á Suðurlandi þar sem óskað er eftir umsögn Bláskógabyggðar vegna umsóknar um tækifærisleyfis fyrir þorrablót sem til stendur að halda í íþróttahúsinu á Laugarvatni þann 10. febrúar n.k. Umsækjandi er Ungmennafélag Laugdæla kt. 500478-0399.  
Byggðaráð Bláskógabyggðar gerir engar athugasemdir við að umrætt leyfi verði veitt.
- 3.2. Tölvuskeyti SÍBS, dags. 4. janúar 2018; styrkbeiðni vegna líf og heilsa á Suðurlandi.  
Lagt fram tölvuskeyti SÍBS þar sem óskað er eftir fjárstyrk við verkefnið líf og heilsa á Suðurlandi. Erindinu hafnað.
- 3.3. Tölvuskeyti Geðverndarfélags Íslands, dags. 8. janúar 2018; styrkbeiðni.  
Lagt fram tölvuskeyti Geðverndarfélags Íslands þar sem óskað er eftir styrk í formi auglýsingar í riti Geðverndar. Erindinu hafnað.
- 3.4. Bréf Íþróttasambands Lögreglumanna, dags. 22. janúar 2018; styrkbeiðni.  
Lagt fram bréf Íþróttasambands Lögreglumanna þar sem óskað er eftir fjárstyrk vegna átaksverkefnisins „Eftir einn ei aki neinn“. Erindinu hafnað.

- 3.5. Bréf Golfklúbbsins Dalbúa, dags. 3. janúar 2018; umsókn um styrk á móti fasteignagjöldum 2018.  
Lagt fram bréf Golfklúbbsins Dalbúa þar sem sótt er um styrk með niðurfellingu fasteignagjalda.  
Byggðaráð Bláskógabyggðar hafnar beiðni um styrk á móti fasteignaskatti vegna golfskálans, þar sem það samræmist ekki gildandi reglugerð og reglum sveitarfélagsins um styrki á móti fasteignaskatti. Þar kemur skýrt fram að ekki er heimilt að veita styrk á móti fasteignaskatti ef rekstur eignar er rekinn í ágóðaskyni. Ljóst er að rekstur Golfklúbbsins Dalbúa er í samræmi við rekstur sambærilegra svæða s.s. í Úthlíð og á Geysi.

#### 4. Erindi til kynningar:

- 4.1. Afrit af bréfi Sambands íslenskra sveitarfélaga til velferðarnefndar Alþingis, dags. 16. janúar 2018; frumvörp til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga (þingmál 26 og 27).
- 4.2. Bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 16. janúar 2017; skýrsla Sveitarstjórnarþings Evrópuráðsins á haustfundi 2017.
- 4.3. Samantekt umræðna frá 20. ársfundi Umhverfisstofnunar, dags. 8. nóvember 2017.
- 4.4. Ársskýrsla 2016, Hestamannafélagið Trausti ásamt ársreikningi 2016.
- 4.5. Tölvuskeyti Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 12. janúar 2018; persónuvernd skref fyrir skref. Meðfylgjandi skjal sem útbúið var fyrir stjórn sambandsins.
- 4.6. Afrit af bréfi Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 22. janúar 2018; umsögn um drög að frumvarpi til laga um lögheimili og aðsetur.
- 4.7. Bréf Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita, dags. 2. janúar 2018; Deiliskipulagsbreyting á skólasvæði í Reykholti.
- 4.8. Bréf Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita, dags. 5. janúar 2018; afgreiðsla byggingarleyfis vegna Kistuholts 3, breyting á notkun bílageymslna.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:05.

---

Valgerður Sævarsdóttir

---

Helgi Kjartansson

---

Óttar Bragi Þráinsson

---

Valtýr Valtýsson